



**University of Manitoba - Active Living Centre**



### Lýsing

Byggingin hýsir kynningar- og rannsóknamiðstöð á heilbrigðum lífsháttum. Active Living leitast við að miðla og kynna háskólasamfélaginu og íbúum á Winnipegsvæðinu um ávinning af heilbrigðu lífinni með áherslu á líknamlega, andlega og félagslega líðan. Eitt af meginmarkmiðum hönnunarinnar var að skapa andstæðu við núverandi byggingu "Frank Kennedy Recreation Centre", með því að láta bygginguna leita markvisst út á við, sem krefst samtals við nær- og fjærumhverfi sitt.



Byggingin er staðsett á áberandi stað á háskólasvæðinu og er mikilvægt kennileiti. Það er það fyrsta sem mætir þúsundum starfsmönnum, háskólanemum og öðrum gestum þegar á háskólasvæðið kemur. Hönnunin leitast við að viðhalda núverandi flæði á svæðinu, stuðla að og styrkja innri samskipti og tenglsanet háskólans auk þess að auka vitund íbúa á heilbrigðum lífsháttum. Helstu rými byggingarinnar eru þreksalir, kraftlyftingasalur, opið tækjarými, klifurveggur, 200m hlaupabraut, samkomurými og rannsóknarstofur. Hönnunin byggir á hinu bandaríska LEED vottunarkerfi til silfurs og tók öll hönnun mið af vistvænum kröfum staðsins.

### Upplýsingar

Heiti verkefnis	0923, U M-Active Living Centre
Heimilisfang	17 Dafoe Road, Manitoba
Verkkaupi	University of Manitoba
Arkitektar	Batterið Arkitektar og Cibinel architects
Verkfræðingar	Crosier Kilgour & Partners, Epp Siepmann Engineering, MCW/AGE
Stærð m2	12.000 m2
Byggingakostnaður	35.000.000 Kan \$
Uppfærsluár	2010 - 2014

